

Kennsluáætlun

Forvinna

Tvær kennslustundir (2x60 mín) eru notaðar í innlögn eða undirbúning fyrir fisk og laxveiði. Kynna þarf mikilvæg hugtök til sögunnar, ná fram umræðum og lesa sér til. Kennari getur kynnt sér efni 5.kafla í Einkennum Lífvera (Hurd, Dean o.fl. 1996) og 8.kafla í Lífandi veröld (McLaughlin o.fl. 1999). Einnig væri gott ef kennari væri búinn að kynna sér vel efni bókarinnar Lífríkið í fersku vatni eftir Stefán Bergmann. (1999) og kaflann Fiskar í sjó úr bókinni Lífríkið í sjó eftir Sólrúnu Harðardóttur (2005) eða annað sambærilegt efni.

Markmið

Að nemendur

- kynnist vistkerfi, fæðukeðju og fæðuvef
- læri um lífríki ferskvatns
- þjálfí hugtakanotkun um vistkerfi og lífríki ferskvatns, sérstaklega fiska; útlit þeirra, hegðun og aðlögun að vatni
- kynnist notkun hugtakakorta
- efli eigið nám og heimalestur
- auki færni í öflun heimilda
- efli umræður, tjáningu og samskipti.

Kveikja

Skoða stutt myndbrot um fiska. Á Google-video má finna örstutt myndbönd sem sýna atferli fiska, sem dæmi má nefna [urriða að synda og ná sér í fæðu](#), tvo urriða [að synda móti straumi](#) og annað video sýnir [fisk að éta urriða](#).

Gott að hafa smá umræður um myndbandið og sjá hvort þau séu einhvers vísari um hegðun fiska og bæta við hugtakakortið.

- Hvernig anda þeir?
- Hvernig synda þeir?
- Hvað éta þeir? (ef þau nefna að þeir éti aðra fiska má spyrja um mögulega stærð þeirra fiska sem þeir gætu etið og hvernig þeir éta þá).

Umræður / glósur:

- Útbúa **hugtakakort** upp á vegg (mæli með að hugtakakortið sé þannig að orðið fiskur sé skrifað á stórt blað og síðan séu hugtökin skrifuð á minni blöð og fest með kennaratyggjói í kring, þannig að hægt sé að raða þeim og flokka eftir á).
- Hvað vitið þið um fiska, einkenni, atferli og aðlögun að vatni?
- Eru þeir hryggdýr? og hvað segir okkur það?
- Hvaða fiska þekkið þið sem lifa í ferskvatni? (Lax, urriði, bleikja, hornsíli og áll).
- Lifu einhverjir þeirra líka í söltu vatni? (ræða göngur laxa).
- Eru þeir étnir – hvað éta þeir?
- Kynna skilgreiningu á vistkerfi ásamt fæðukeðju og fæðuvef.
- Umræður um heimanám, mikilvægi þess að lesa sér til svo ferðin verði ánægjulegri og nemendur öruggari með sig í öllum umræðum. Ég er samt ekki á því að nemendur þurfi að læra mjög mikið heima, heldur á að gefa þeim tíma innan kennslutíma en þau sem þurfa aðstoð við lestur geta klárað heima.
- Lesa saman um hornsíli, lax, bleikju og urriða bls. 33-35 í bókinni Lífríkið í fersku vatni (Stefán Bergmann. 1999).
- Laga hugtakakortið, flokka efnisatriði og bæta við ef þarf.

Ef tími vinnst til geta þau hvert fyrir sig lesið meira í bókinni Lífríkið í fersku vatni (Stefán Bergmann. 1999).

Verkefni

- Hver nemandi skráir helstu atriðin af hugtakakortinu í glósubókina sína – gerir eigið hugtakakort.
- Nemendur fara á netið, inn á [Sjávarútvegsvef Borgarhólsskóla](#) og nýta tengla þar til að finna efni um urriðann. Skrifa niður upplýsingar um lífnaðarhætti hans og útlitslýsingu.
- Nemendur, með hjálp kennara, skulu prenta út mynd af urriða og líma í glósubók.